

Kæru félagar.

Það er mér mikil ánægja að sjá ykkur saman komin hér á þessum aðalfundi, en þetta er í fimmta og síðasta sinn sem ég flyt ykkur greinagerð sem formaður RSÍ. Ég var kjörinn í þetta embætti árið 2018 og tvívegis endurkjörinn. Ég hefði því átt að láta af formennsku á næsta ári, en það er ekki allt í lífinu fyrirsjáanlegt - eitt og annað sem maður ekki reiknar með, eitt og annað sem færir manni verkefni sem maður hélt hreint ekki að maður þyrfti að glíma við. En komum að því aftur á eftir.

Enn eitt árið liðið frá því við hittumst hér í þessari stofu skáldsins og litum um öxl í sameiningu. Vissulega gerum við það sama á þeim fundi sem nú er hafinn, en áður en lengra er haldið er rétt að við minnumst þeirra sem ekki eru lengur á meðal okkar. Frá því við hittumst síðast hafa fjórir félagar í Rithöfundasambandinu fallið frá, en þeir eru HRAFN JÖKULSSON, RAGNAR ARNALDS, EIRÍKUR GUÐMUNDSSON og ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON.

Ég bið ykkur um að rísa úr sætum og minnst þessara fráföllnu félaga okkar með einnar mínútu þögn.

Kærar þakkir. Á undanfögnu ári stóð yfir kjarabarátta listamanna á mörgum sviðum, eins og vissulega hjá flestum öðrum stéttarfélögum. Það neyðarástand sem upp kom þegar heimsfaraldurinn Covid19 brast á bitnaði mjög harkalega á mörgum íslenskum þjóðfélagshópum, en það var vissulega sárt að átta sig á hve staða listamanna var einstaklega veik og að engar lausnir fundust í samfélaginu til að draga þá út úr þeirri neyð sem vissulega skall á mörgum þeirra. Núna, þegar faraldurinn telst að mestu leyti hjáliðinn, megum við alls ekki gleyma hvað kjör rithöfunda og annars atvinnufólks í listum eru rýr. Baráttunni er langt í frá lokið, þó að nokkur árangur hafi náðst á stöku stað.

Sú baráttu fer fram í gegnum stéttar- og fagfélög listamanna bæði sameinuð og hvert í sínu lagi. Bandalag íslenskra listamanna hefur gengið í sameiginleg hagsmunamál með oddi og egg og á ferli mínum sem stjórnarmaður hjá RSÍ hefur mér fundist samstaða listamanna og félagsskapa þeirra vaxa frá ári til árs. Það er vissulega gleðileg upplifun. Það get ég að minnsta kosti sagt fyrir mína parta.

Meningarmálaráðuneytið hefur á sínum stutta ferli gefið fyrirheit um stórefldan stuðning við listir og menningu hér á landi. Þessi fyrirheit eru vissulega fögur, en eins og raunsæir njótendur þóttust vita í upphafi gengur afar hægt að gera þau að veruleika. Formaðurinn og fleira stjórnarfolk hefur átt ánægjuleg og skilningsrík samtöl við ráðherra menningarmála og annað starfsfolk ráðuneytisins, en síðasti fundur okkar fór fram 28. apríl 2022. Þar höfum við komið skýrt á framfæri þeim eindregnu kröfum okkar að fyrirhuguð endurskoðun á starfslaunakerfi listamanna verði gerð í samráði við forsvarsmenn þeirra sem málið snertir hvað mest. Við teljum að þeir sem best þekkja kjör hvers hóps fyrir sig hafi mest fram að færa þegar kemur að leiðréttingu á fyrirkomulagi starfslauna. Okkur þykir ekki rétt að sömu reglur gildi í öllum tilfellum, þar sem reynslan hefur kennt okkur að þarfir einstakra listgreina eru ekki endilega þær sömu. Þess vegna viljum við að fulltrúar RSÍ verði með í ráðum þegar starfslaunasjóður rithöfunda verður til umfjöllunar með breytingar í huga. Nú er líklega að minnsta kosti eitt og hálf ár síðan þessi krafa var sett skýrt fram á fundi í ráðuneytinu og var vissulega tekið þar af mikilli velvild, en ekkert hefur gerst. Ég kann í rauninni ekki skýringu á því hvers vegna svo er. Ekki aðra en þá að íslenska stjórnkerfið sé óhemju hæggeng maskína.

Enn og aftur hlýtur það að vera einlægt baráttumál rithöfunda á Íslandi að litið verði á ritlist sem raunverulegt starf sem höfundar fá raunverulega laun fyrir, en ekki hlutastarf, sem í engu tilfalli er reiknað með að hægt sé lifa af, heldur hljóti allir rithöfundar okkar að þurfa viðbótar lífsviðurværi sem ekki skapast af ritstörfum. Í mínum huga snýst þetta fyrst og síðast um virðingu fyrir skapandi hugsun - virðingu fyrir listinni og viðurkenningu á nauðsyn hennar fyrir samfélagið í heild sinni. Ef sú virðing væri innan kerfisins í réttu hlutfalli við þau fögru orð sem jafnan eru látin falla á tyllidögum í garð íslenskra rithöfunda, þá væri hópurinn miklum mun stærri sem nyti starfslauna allt árið, sem að auki teldust mannsæmandi fyrir fulla vinnu.

Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag allra skrifandi stétta og fyrir vikið er hlutverk þess að gæta hagsmuna allra hópa og einstaklinga sem fást við ritstörf á Íslandi, einkum félagsmanna sinna, en einnig þeirra sem til okkar leita með álitamál sem snerta höfundarétt og kjör þeirra sem starfa við skriftir. Á formannstíð minni hef ég verið afar viljugur að veita öllum höfundum athygli, sama á hvaða sköpunarviði þeir starfa. Handritahöfundar hafa til dæmis fengið allnokkra aðstoð við að verja höfundarétt sinn gagnvart allmörgum stórum og víðtækum miðlum og það hefur sýnt sig hversu gagnlega RSÍ getur látið til sín taka þegar upp kemur grunur um alvarleg brot á rétti höfunda á ýmsum sviðum. Og hana nú!

Undanfarin ár hefur samstarf Rithöfundasambandsins og Félags leikskálda og handritshöfunda verið með miklum ágætum. Við höfum í sameiningu miklar áhyggjur af ótryggum kjörum handritshöfunda gagnvart framleiðendum kvikmynda og sjónvarpsefnis. Þess vegna er það ætlun okkar að leggja tillögu að höfundasamningi fyrir framleiðendur og stefna að föstum rammisamningi þar sem réttur listamannanna komi skýrt fram, bæði laun, þóknun og höfundaréttur, en eins og er enginn almennur samningur í gildi, heldur ákveða framleiðendur uppá sitt eindæmi hvað höfundum er boðið fyrir handrit. Það er heldur engin trygging fyrir því að höfundarnir eigi raunverulegan höfundarétt á sköpun sinni. Hugmynda- og lögfræðivinnan á bak við þennan samning sem við viljum að verði að veruleika er komin vel áleiðis og nú fer að verða tímabært að kalla framleiðendur til viðræðna. Ég vona að það gerist sem allra fyrst.

Eitt af þeim málum sem ég hef viljað vinna að fyrir hönd leikskálda og handritshöfunda er að gera verk þeirra aðgengileg í rafrænu formi. Það er í rauninni mjög sjaldgæft hér á landi að sviðsleikrit og annars konar handrit komi út á prenti og því afar flókið fyrir almenning að útvega sér þau til lestrar. Ég setti mig því í samband við Rafbókasafnið og bar undir fólknið þar hvort ekki mætti gera þetta að veruleika. Höfundar mættu skila handritum sínum rafrænum inn til safnsins og fólk gæti fengið þau lánuð í því formi. Um leið yrðu leikskáld og handritshöfundar aðilar að Bókasafnssjóðnum og fengju einhverjar krónur fyrir útlánin. Allra hagar, ekki satt? Rafbókasafnið tók afskaplega vel í þessa hugmynd og við Ragnheiður vorum kölluð á fund þar sem okkur skildist að þetta mætti framkvæma á örfáum vikum eða mánuðum. Gleði gleði. Síðan gerðist ekki neitt. Ég fór að ókyrrast og spurði hvert vandamálið væri, en fékk það svar að vandamálið væri í rauninni ekki neitt. Ég bauðst þá til að velja lítinn hóp leikskálda og fá þau til að senda verk sín rafræn inn, en fékk ekkert svar við því. Að lokum spurði ég hvort þau væru að bíða eftir að fá að prufukeyra eitthvað og bauðst til að senda inn verk eftir sjálfan mig. Því var afar vel tekið og ég sendi inn leikrit. Fljótlega fékk ég þau skilaboð að þessi prufukeyrsla virkaði bara fjandi vel. Síðan hefur ekkert gerst. Safnið hefur aldrei látið vita af því að nú vilji það endilega fá sem flest íslensk leikrit til rafrænna útlána. Einu fréttirnar eru þær að þetta leikrit eftir mig hefur verið tekið að láni fimm sinnum. Ég er reyndar mjög lukkulegur með það, en vildi óska að aðrir höfundar mættu senda inn sín verk ef þeir kærðu sig um það.

Samningaviðræður við Félag íslenskra bókaútgefenda vegna samninga við þýðendur stóð yfir um allnokkurt skeið, en sigldi loks í strand þar sem óheyrilega langt virtist vera á milli hugmynda útgefenda og þýðenda. Fundir hafa nú ekki verði haldnir mánuðum saman og enn liggur ekki ljóst fyrir hvernig hægt er að koma þessum viðræðum aftur af stað. Satt best að segja þykir mér útgefendur, að minnsta kosti einhverjir þeirra, sýna þýðendum óheyrilega litla virðingu og líta svo á að störf þeirra og hæfileikar séu afskaplega lítils virði. Það þykir mér sorglegt, ágætu félagar.

Og úr því ég er farinn að orða þá hugsun: Mér þykir það í stórum dráttum afar sorglegt hvað höfundar og útgefendur hafa fjarlægst hverjir aðra í seinni tíð. Ég man þá tíð þegar manni fannst hagsmunir þessara tveggja aðila á bókamarkaðnum fara vel saman, að þeir finndu marga þætti sem sameinuðu þá, gerðu þá í rauninni að góðum félögum í útgáfunni. Síðan hafa þessar tvær fylkingar stórlega fjarlægst hvor aðra og satt best að segja orðið að fjandmönnum, jafnsorglegt og það nú er. Ég ætla ekki að fara í smáatriði þess vandamáls hér og nú, þó að ég gæti hæglega notað orð eins og virðingarleysi, skilningsleysi á gildi sköpunargáfunnar, fjármálhagsmuni framyfir alla fagurfræði og svo framvegis, en þau orð ætla ég hreint ekki að brúka. Læt mér nægja orðið sorglegt einu sinni enn.

Eins og flestum er kunnugt um komu lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku til skjalanna fyrir nokkrum árum. Í einni grein laganna segir „Ráðherra skal láta gera úttekt á árangri þessa stuðnings við útgáfu bóka á íslensku fyrir lok árs 2022.“ RSÍ gætti þess vel að athugasemdir þess kæmu fram og enn og aftur bentum við á að þessi umræddu lög væru fyrst og síðast stuðningur við útgefendur, sem ekki skilaði sér til grunnstoða útgáfunnar, höfunda og þýðenda. Við bentum á að kjör höfunda og þýðenda hefðu á undanförunum árum farið stöðugt versnandi af ýmsum ástæðum, til að mynda vegna notkunar á bókmenntum í formi hljóð- og rafbóka á streymisveitum. Í athugasemdum sínum gerði RSÍ þá kröfu að stjórnvöld tryggðu að þeim aðilum sem nyttu styrkja í formi endurgreiðslu á kostnaði, eins og lögin gera ráð fyrir, yrði gert að skila höfundum eðlilegu afgjaldi fyrir sitt höfundaverk, virða réttthafa og koma á eðlilegum samningum við fagfélög listamanna. Einnig áskilur Rithöfundasambandið sér rétt til að koma með athugasemdir við ýmsar greinar laganna þegar þau verða endurskoðuð í árslok 2023. Og við bíðum spennt eftir að þær athugasemdir skili okkur umtalsverðum árangri.

Stjórn RSÍ og starfsfólk er afar viljugt að sjá félögum fyrir allri þjónustu sem getur orðið þeim að gagni. Þar á meðal er vitaskuld lögfræðiaðstoð sem snertir höfundarétt þeirra og launakjör, en einnig fræðsla og nauðsynleg umræða. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir fræðslufundir um listamannalaun og fyrirkomulag umsókna um þau. Einnig héldum við hádegisfund í nóvember fyrir handritshöfunda um kjaramál þeirra og réttindi. Við stóðum að auki fyrir málþingi um höfundarétt, þar sem frummælendur og fundamenn veltu fyrir sér málum sem ýmist mættu teljast þjófnaður á höfundaverki - eða alls ekki.

Í júní á síðasta ári héldum við Ragnheiður Tryggvadóttir til stórborgarinnar Madrid og áttum ráðstefnu með rithöfundum og starfsfólki þeirra frá fjölmörgum löndum á vegum Evrópusamtakanna E.W.C., European Writers Council. Þar og þá var fjallað af mikilli samviskusemi um kjaramál höfunda víða um álfuna, höfundaréttamál, áhrif streymisveitna á hag höfunda og fleira, en það er reyndar umræða sem ég ætla ekki að endursegja í smáatriðum.

Fjöldamargt annað gæti ég spjallað um hér og nú, til dæmis símtöl og samtöl við yfirmenn Ríkisútvarpsins þar sem ég bað um skýringar á því hvers vegna samninganefnd RÚV við RSÍ fengist ekki til funda nema örsjaldan og þess vegna þokuðust samningar þeirra ekkert áfram, þrátt fyrir fögur fyrirheit sitjandi útvarpsstjóra fyrir nokkrum árum síðan. Ég gæti líka rætt um óskir mínar

eftir samningaviðræðum við Storytel og þau svör sem ég fékk við þeim um að ég þyrfti að uppfylla afar ströng persónuleg skilyrði ef það ágæta fyrirtæki ætti einhvern tíma að taka það samtal til greina. Og fleira og fleira, en þegar hér er komið sögu í skýrslu minni erum við stödd í lok nóvembermánaðar síðasta árs.

Eins og ég sagði í upphafi hefði ég átt að gegna formennsku RSÍ í ár til viðbótar að öllu eðlilega. Það sem hins vegar hindrar mig í því er að í lok nóvember greindist ég með æxli í heilanum og þurfti að gangast undir stóra og veglega skurðaðgerð vegna þess. Aðgerðin heppnaðist prýðilega, en það er mat lækna minna að næstu tvö árin fari að stærstum hluta í að gera heilann aftur hæfan til margs af því sem hann hefur að litlum eða stórum hluta glatað í þessu æxlis- og aðgerðaferli. Og þó að mér þyki erfitt að taka undir þessi orð lækna verð ég að viðurkenna að formennska í RSÍ er ágætis dæmi um flókin viðfangsefni sem ég vildi ráða miklu betur við en ég geri í dag. Það er vissulega sárt, en svona er það nú samt.

Ég gekk í Rithöfundasamband Íslands árið 1983, svo að hér og nú eru orðin 40 ár síðan. Ég hef starfað allnokkuð fyrir RSÍ, ég gæti jafnvel notað orðið töluvert, eða talsvert - jafnvel þónokkuð eða umtalsvert. Ég var settur í inntökunefnd sambandsins mjög fljótlega eftir inngöngu mína, ég sat í stjórn RSÍ sem meðstjórnandi í 10 ár undir stjórn þriggja formanna og ég hef fundastýrt aðalfundum hátt í 20 sinnum. Ég ætla því að ýta frá mér öllu samviskubiti yfir vanrækslu minni á stéttarfélaginu mínu eða stuðning við hagsmuni kollega minna, en vera í staðinn sæmilega sáttur - já, ég ætla að nota orðið sæmilega - sæmilega sáttur við framlag mitt. En ég er líka - og takið nú vel eftir - ég er líka ákaflega þakklátur fyrir starf Rithöfundasambandsins og það fyrirmyndarstarf sem það hefur unnið fyrir íslenska rithöfunda. Þó að ég kveðji fyrr en ég ætlaði kveð ég ákaflega sáttur - og ekki síður þakklátur. Ég þakka öllu stjórnarfólki sem ég hef starfað með og einnig Tinnu Ásgeirsdóttur, sem unnið hefur aðdáunarvert starf á skrifstofunni alla mína formannstíð, en lætur af störfum um leið og ég. Það er þó einkum og sér í lagi hún Ragnheiður mín Tryggvadóttir framkvæmdastjóri sem ég er óendanlega þakkátur. Ég gæti haldið um hana langa ræðu ef ég væri ekki löngu fallinn á tíma, en læt mér hreinlega nægja að upplýsa að án hennar hefði ég sjálfur aldrei komið nokkrum sköpuðum hlut í verk.

Mínum hluta skýrslunnar er þar með lokið. Ég gef Margræti Tryggvadóttur orðið aftur og þakka innilega fyrir mig.

Karl Ágúst Úlfsson